

Reykjavík 5.apríl 2022

Velferðarnefnd Alþingis

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar fyrir tækifæri til að senda umsögn um frumvarp til laga um rafettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) fagnar framkomu frumvarpins og vill gera eina breytingartillögu og eina athugasemd til stuðnings þýðingarmiklu atriði sem snýr að barnavernd.

1. HH leggur til að nafni laganna verði breytt í lög um nikótínvörur. Þar með eru vörur sem seldar eru í dag ekki flokkaðar eftir formi vörunnar og þegar nýjar útgáfur af nikótíni koma á markað sem hvorki eru rafrettur eða púðar munu lögin sjálfkrafa ná utan um þær vörur
2. HH leggur mikla áherslu á sjónarmið barnaverndar í löggjöf um nikótínvörur og styður því að nikótínvörur með bragðefnum verði bannaðar, sérstaklega bragðefni sem höfðað geti til barna sbr 9.grein.

Virðingarfyllst



Jón Steinar Jónsson

Sérfræðingur í heimilislækningum

Yfirlæknir á Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu



Óskar Reykdalsson

Forstjóri heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Til nefndasviðs Alþingis

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar fyrir tækifæri til að senda umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030.

Kafli 1. Forysta til árangurs

Mikilvægt er að skilgreina betur gráu svæðin sem tilheyra félagslegri þjónustu sveitarfélaga annarsvegar og heimahjúkrun hinsvegar. Laga- og reglugerðarbreytinga er þörf til að félagsleg þjónusta og heimahjúkrun geti samþætt sín störf betur í þágu skjólstæðinga t.d. geta þessir aðilar hvergi séð hverjir eru sameiginlegir skjólstæðingar, eða send beidnir beint áfram milli kerfa. Einnig verða árekstrar varðandi ábyrgð á þjónustu t.d. hjá einstaklingum með MS eða MND sjúkdóm þar sem ekki er skilgreint hver ber ábyrgð.

Kafli 2. Rétt þjónusta á réttum stað

Hér er mikilvægt að undirstrika mikilvægi samþættingar þjónustu við aldraða sem byggir á samþættingu og formlegri samvinnu þeirra aðila sem að þjónustunni koma. Þar er átt við heilsugæsluna og heimahjúkrun, félagsþjónustu, bráðþjónustu sjúkrahúsa (bráðamóttaka, bráðalegudeildir, bráð öldrunardeildarþjónusta, bráð göngudeildar og dagdeildarþjónusta öldrunardeilda), öldrunarlæknaþjónusta spítalanna í heild, hjúkrunarheimili, dagvist og endurhæfingarþjónusta hjúkrunarheimila. Virk samþætting og samvinna eru a.m.k. ein af forsendum þess að heilbrigðisþjónusta við aldraða sé veitt á réttum stað eða á þeim stað sem er við hæfi í mismunandi aðstæðum hvað varðar heilsufar, félagslegar aðstæður og færni. Mikilvægt er að benda á að þurfi hrumur aldraður einstaklingur, sérstaklega ef um vitglöp er að ræða, á spítalaþjónustu að halda er bráðamóttaka mjög óheppileg leið og aðkallandi að skipuleggja annan farveg fyrir þessa einstaklinga.

Í velferðartækni hefur orðið mikil þróun sem bíður upp á marga möguleika. Skoða þarf vandlega leiðir til að flýta og auðvelda innleiðingu velferðartækni á ýmsum sviðum. Starfsfólk heimahjúkrunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins skráir allar sínar vitjanir í Sögu app í snjallsímum en ekki er hægt að setja önnur öpp í sama síma vegna öryggisráðstafana sem getur verið hamlandi.

Kafli 3. Fólkið í forgrunni

Greina þarf störf í heilbrigðiskerfinu og meta hvar þarf faglega þekkingu og hvar er hægt að þjálfar starfsfólk til ákveðinna verka. Með því móti má nýta þekkingu fagfólks sem best því allt bendir til þess að skortur verði á menntuðu heilbrigðisstarfsfólki í náninni framtíð.

Kafli 7. Hugsað til framtíðar

Sett verði á stofn embætti umboðsmanns aldraðra. Aldraðir eiga oft erfitt með að verjast andlegu-, líkamlegu-, og/eða félagslegu ofbeldi af hendi maka eða aðstandenda og fáar lausnir eru til staðar ef aðstandendur eru ekki tilbúnir eða hafa ekki getu til að aðstoða þann sem verður fyrir ofbeldinu.